

33

4. marz

REGLUGERÐ**um sérstakan tímareikning.**

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Frá og með 8. marz 1942, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, skal hafa sérstakan tímareikning á Íslandi, þannig að klukkan verði færð fram um eina klukkustund frá svo nefndum íslenskum meðaltíma.

Þetta kemur til framkvæmda þannig, að klukkan eitt eftir miðnætti eftir íslenskum meðaltíma aðfaranótt sunnudagsins 8. marz, færizt klukkan fram um eina klukkustund og verður tvö.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. marz 1942.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

34

7. marz

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T., útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. marz 1942. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T.****1. gr.**

Templarahöll Reykjavíkur I. O. G. T. er sjálfstæð stofnun, sem lýtur þeim reglum um hlutverk og skipulag, er skipulagsskrá þessi hefur að geyma.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er, og skal jafnan vera, að sjá Góðtemplarastúkum í Reykjavík fyrir samkomustað og heimili, er jafnframt sé miðstöð Góðtemplarastarfseminnar í Reykjavík og á Íslandi, svo og miðstöð annarrar bindindisstarfsemi og baráttu gegn áfengisnautn í landinu, eftir því, sem með þarf og við verður komið á hverjum tíma.

3. gr.

Til stofnunarinnar eru í upphafi lagðar þessar eignir:

- a. Lóðin nr. 11 við Frikirkjuveg í Reykjavík með húsum, innanstokksmunum, skrautgarði og girðingum, sem á henni eru, eins og þessi eign var afhent Góðtemplarareglunni í Reykjavík með samningi, dags. 1. nóvember 1941.
- b. Hússjóður Góðtemplara í Reykjavík.
- c. Húsbyggingarsjóður Þingstúku Reykjavíkur.
- d. Réttindi seljanda samkvæmt kaupsamningi gerðum 2.—13. júlí 1935, milli níu Góðtemplarastúkna í Reykjavík annars vegar og ríkisstjórnar Íslands hins vegar, eins og þau réttindi eru nú.
- e. Réttindi þau, sem Góðtemplarareglunni í Reykjavík eru veitt með samþykkt bæjarráðs Reykjavíkur 8. október 1937.

4. gr.

Tekjuafgangur, sem verður af starfsemi stofnunarinnar, rennur til hennar sjálfrar, svo og aðrar tekjur, er henni kunna síðar að áskotnast, hvort heldur er af opinberu fé eða frá einstaklingum, félögum eða stofnunum.

34
7. marz

5. gr.

Stofnuninni ber að svara til:

- a. Veðskuldbindinga þeirra, sem nú hvíla á fasteigninni nr. 11 við Frikirkjuveg.
- b. Skuldbindingum seljanda samkvæmt ofanefndum kaupsamningi frá 2.—13. júlí 1935, sbr. bréf fjármálaráðuneytisins 26. sept. 1941, að því leyti, sem þeim skuldbindingum eigi þegar er lokið.

6. gr.

Fé stofnunarinnar má aðeins nota samkvæmt hlutverki hennar, samkv. 2. gr., og má aldrei binda eignir hennar veðböndum eða öðrum höftum, sem óviðkomandi eru tilgangi hennar. Eigi má selja fasteignir stofnunarinnar, binda þær veðböndum, né kaupa slíkar eignir, er leggjast til stofnunarinnar, nema $\frac{2}{3}$ húsráðsmanna samþykki á tveim fundum í röð.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar hafa með höndum húsráð og hússtjórn, með þeirri verka-skiptingu, sem lýst er í eftirfarandi greinum.

8. gr.

Hver undirstúka innan I. O. G. T., sem starfað hefur í Reykjavík í tvö ár, á rétt á að kjósa fulltrúa og varafulltrúa í húsráð. Sama rétt hefur Þingstúka Reykjavíkur.

Stúka, sem ekki starfar í húsi stofnunarinnar, enda þótt hún eigi kost á hús-næði þar, hefur eigi rétt til að eiga fulltrúa í húsráði.

9. gr.

Kosningar í húsráð skulu fara fram í febrúarmánuði ár hvert. Um tölu fulltrúa og varafulltrúa hveurrar stúku í húsráði fer eftir þeim reglum, sem gilda á hverjum tíma um fulltrúatölu og varafulltrúatölu stúkna til stórstúkuþings.

10. gr.

Þegar kosningu fulltrúa stúku í húsráð er lokið, skal stúkan tafarlaust tilkynna það formanni fráfarandi húsráðs. Hann kveður hið nýkjörna húsráð til fundar.

11. gr.

Hið nýkjörna húsráð skal halda hinn fyrsta fund sinn eigi síðar en í lok marz-mánaðar. Er sá fundur jafnframt aðalfundur ráðsins, og skal ráðið þá kjósa sér formann og varaformann, ritara og vararitara, og gildir kosning þeirra til næsta aðalfundar.

Húsráð setur sjálfst nánari reglur um starfstilhögun sína, svo og um starfstilhögun hússtjórnar. Til samþykktar á þessum reglum og til breytinga á þeim, þarf samþykki $\frac{2}{3}$ húsráðsmanna á tveim fundum í röð, svo og staðfestingu stórtemplars.

12. gr.

Húsráð kys hússtjórn, sbr. 13. gr. Það skal fylgjast með gerðum hússtjórnar og gæta þess, að hún ræki skyldur sínar. Það úrskurðar reikninga stofnunarinnar

34 og annast um að þeir séu birtir stúkum þeim, er fulltrúa eiga í ráðinu, svo og fram-
7. marz kvæmdanefnd stórstúkunnar.

13. gr.

Hússtjórnin skal skipuð 5 mönnum. Kýs framkvæmdanefnd stórstúkunnar einn þeirra, og er hann formaður stjórnarinnar. Húsráð kýs hina fjóra. Kjörtími formanns er milli stórstúkupinga, en aðrir stjórnendur skulu kosnir til tveggja ára. Fyrsta árið ganga tveir þeirra úr stjórninni eftir hlutkesti, en síðan eftir kjöraldri.

Stjórnendur skulu allir vera góðir og gildir félagar í Góðtemplarareglunni, og hafa verið það eigi skemur en tvö ár samfleytt.

Nú verður sæti stjórnarmanns autt vegna þess, að hann segir sig úr stjórninni eða flyzt úr Reykjavík eða hann deyr eða fer úr Góðtemplarareglunni, og skal þá sá aðili, sem valdi hann til starfsins, kjósa mann í hans stað og gildir sú kosning það, sem eftir var af kjörtíma hans.

14. gr.

Hússtjórn kýs ritara, gjaldkera og framkvæmdastjóra stofnunarinnar og ræður annað starfsfólk, sem með þarf, að svo miklu leyti, sem hún ekki hefur falið framkvæmdastjóra ráðningu þess. Allir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera Góðtemplarar.

15. gr.

Hússtjórnin fer með fjármál stofnunarinnar og sér um framkvæmdir allar í málefnum hennar, að svo miklu leyti sem ekki er á annan veg ákveðið í skipulagsskrá þessari. Hún skal sjá um viðhald á eignum stofnunarinnar og góða umgengni í þeim og gæta þess, að eignirnar séu hagnýttar og með þær farið í samræmi við tilgang stofnunarinnar og þannig, að Góðtemplarareglunni sé samboðið.

16. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Hússtjórn skal árlega gera reikninga yfir tekjur stofnunarinnar og gjöld, svo og yfir efnahag hennar í árslok. Reikningarnir skulu fullgerðir eigi síðar en 25. janúar. Þeir skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum. Tilnefdir dómsmálaráðuneytið annan þeirra, en borgarstjórinn í Reykjavík hinn.

Hússtjórnin skal senda húsráði reikningana endurskoðaða til úrskurðar eigi síðar en 10. febrúar.

17. gr.

Hússtjórnarmenn bera persónulega ábyrgð — einn fyrir alla og allir fyrir einn —, á allri peningaeign stofnunarinnar. Reiðufé stofnunarinnar skal ávallt ávaxtað í banka eða annarri peningastofnun með ríkisábyrgð á innstæðum.

18. gr.

Framkvæmdastjóri skal sjá um daglegan rekstur stofnunarinnar. Hússtjórn setur honum erindisréf, þar sem nánar skal kveðið á um skyldur hans.

19. gr.

Hússtjórn getur sett reglur um meðferð og not tiltekinna eigna stofnunarinnar, svo sem fasteigna hennar. Í reglum þessum skal það tekið fram, að engar samkomur megi liða í húsum stofnunarinnar, þar sem áfengi er haft um hönd.

20. gr.

Fari svo að Góðtemplarareglan á Íslandi hætti að starfa um lengri eða skemmri tíma, skal ríkisstjórnin, í samráði við umboðsmann Hástúku I. O. G. T. á Íslandi,

hafa með höndum stjórn stofnunarinnar og annast rekstur hennar í þágu bindindisstarfseminnar í landinu, en jafnskjótt og Góðtemplarareglan hefur aftur starfsemi sína hér á landi, skal ríkisstjórnin afhenda henni stofnunina aftur, til umráða og meðferðar samkvæmt skipulagsskrá þessari.

34

7. marz

21. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema $\frac{2}{3}$ húsráðsmanna samþykki breytinguna á tveimur fundum í röð, enda samþykki og stórtemplar breytinguna og ríkisvaldið staðfesti hana samkvæmt þeim reglum, sem um slíka staðfestingu gilda á hverjum tíma.

22. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin skipulagsskrá fyrir húseign Góðtemplarareglunnar í Reykjavík, staðfest af stórtemplar 8. júlí 1940 og skipulagsskrá fyrir Bindindishöll Reykjavíkur, dagsett 15. nóvember 1938, staðfest af kongungi 11. febrúar 1939.

23. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari, og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Samþykkt í húsráði 1. marz 1942.

Sigfús Sigurhjartarson,
formaður húsráðs.

Kristm. Jónsson,
p. t. ritari.

Veiti hér með samþykki mitt.

Reykjavík, 3. marz 1942.

Kristinn Stefánsson,
stórtemplar.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Glerárþorps.

35

10. marz

1. gr.

Nafn félagsins er Vatnsveitufélag Glerárþorps.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er í Glerárþorpi í Glæsibæjarhreppi innan Eyjafjarðarsýslu og varnarþing þess í sama hreppi.

3. gr.

Verkefni félagsins er að sjá félagsmönnum fyrir nægu og góðu vatni til heimilis- og búsparfa með því að leggja vatnsveitu úr stofnæð vatnsveitu Akureyrar ofan við Rangárvelli til Glerárþorps og um þorpið.

Félagið skal og halda vatnsveitunni við og annast rekstur hennar.